

Hlutverk ríkisfjármála í hagstjórn á næstu árum

Bolli Þór Bollason

Skrifstofustjóri

efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytisins

Morgunverðarfundur Samtaka iðnaðarins

Hátt gengi krónunnar: Hvað er til ráða?

24. Júní 2003

Hlutverk ríkisfjármála í hagstjórn á næstu árum

- 1 Horfur í efnahags- og ríkisfjármálum á næstu árum
- 2 Hlutverk ríkisfjármála í hagstjórninni
- 3 Lokaorð


1 Horfur í efnahags- og ríkisfjármálum á næstu árum

- Hagvöxtur tekur við sér árið 2003 eftir lítils háttar samdrátt árið 2002...
- ... einkum vegna aukinnar fjárfestingar vegna stóriðju auk flýtingar opinberra framkvæmda...
- ...og meiri einkaneyslu í kjölfar aukins kaupmáttar heimilanna

1 Horfur í efnahags- og ríkisfjármálum á næstu árum

- Meginþungi framkvæmdanna mun þó falla á næstu ár á eftir, til 2007...
- ...og árin 2005-2007 gæti fjárfesting í stóriðju numið allt að 200 milljörðum króna
- Hagvöxtur tekur þá enn frekar við sér og gæti farið yfir 5% þegar mest er

Hagvöxtur og þjóðarútgjöld




Fjármálaráðuneytið

1 Horfur í efnahags- og ríkisfjármálum á næstu árum

- Við þessar aðstæður er óhjákvæmilegt að viðskiptajöfnuður verði neikvæður á nýjan leik
- Hins vegar mun þessi staða leiða til verulega aukins afgangs hjá ríkissjóði...
- ...sem verður til þess að þjóðhagslegur sparnaður fer fremur vaxandi þrátt fyrir aukinn viðskiptahalla

Fjármunamyndun og þjóðhagslegur sparnaður



Fjármálaráðuneytið

1 Horfur í efnahags- og ríkisfjármálum á næstu árum

- Þessi próun þýðir að framleiðsluslakinn hverfur og tímabil framleiðsluspennu tekur við næstu árin
- Verulega dregur úr atvinnuleysi og jafnvel verður skortur á vinnuafli
- Jafnframt eykst þrýstingur á verðlag og verðbólga færir í aukana, amk. tímabundið

2 Hlutverk ríkisfjármála í hagstjórninni

- Meginhlutverk hagstjórnar er að tryggja stöðugleika í efnahagsmálum
- Ríkisfjármál í lykilhlutverki, einkum þarf að halda útgjaldavexti í skefjum
- Sjálfgefið að auka þarf aðhald í ríkisfjármálum við þessar aðstæður
- Ítrekað af hálfu fjármálaráðuneytis o.fl.

2 Hlutverk ríkisfjármála í hagstjórninni

- Grundvallaratriði að markmiðssetning og helstu áherslur stjórnvalda til næstu ára séu skýr
- Stefnuyfirlýsing ríkisstjórnarinnar endurspeglar skilning á þessum sjónarmiðum
- Mikilvægt að skapa víðtækan skilning í þjóðfélaginu á þessari stöðu

2 Hlutverk ríkisfjármála í hagstjórninni

- Ekki hægt að halda uppi óbreyttum opinberum umsvifum meðan þessar miklu framkvæmdir standa yfir án þess að stofna stöðugleikanum í hættu
- Nauðsynlegt að framkvæmdir á vegum ríkis og sveitarfélaga verði endurmetnar í ljósi nýrra og breyttra aðstæðna
- Sama gildir um önnur útgjaldaáform

2 Hlutverk ríkisfjármála í hagstjórninni

- Í aprílspá fjármálaráðuneytisins er gert ráð fyrir tilteknum hagstjórnaraðgerðum þegar framkvæmdir standa sem hæst...
- ...bæði lækkun fjárfestingarútgjalda og minni aukningu samneyslu...
- ...og hækkun stýrivaxta Seðlabankans
- Síðan er gert ráð fyrir að framkvæmdir verði auknar og vextir lækkaðir á ný

2 Hlutverk ríkisfjármála í hagstjórninni

- Sjálfgefið að draga úr opinberum framkvæmdum enda yrðu þær í beinni samkeppni við stóriðju um vinnuafli o.fl.
- Jafnframt þarf að halda aftur af samneysluútgjöldum sem hafa aukist mjög mikið undanfarin ár
- Mikilvægt að launastefna hins opinbera taki mið af þessum markmiðum

2 Hlutverk ríkisfjármála í hagstjórninni

- Þessi sjónarmið verða höfð að leiðarljósi við fjárlagagerð fyrir árið 2004...
- ...á grundvelli efnahagsstefnu sem horfir til næstu 3-4 ára í það minnsta
- Einnig hugað að skattkerfisbreytingum sem stuðli að auknu vinnuframboði og meiri sparnaði, t.d. með lækkun jaðarskatta

3 Lokaorð

- Meginþunginn í hagstjórn hvílir á ríkisfjármálum til þess að hamla gegn þenslu, vaxta- og gengishækkunum
- Aukið aðhald í ríkisfjármálum verði algjört forgangsatíði á næstu árum...
- ...ekki einungis í framkvæmdum heldur einnig í samneysluútgjöldum
- Launastefna ríkisins verði aðhaldssöm

3 Lokaorð

- Mikilvægt að markmiðssetning og stefna stjórnvalda til næstu ára sé skýr
- Skapa þarf víðtækan skilning á því að næstu ár þurfi opinberir aðilar að halda að sér höndum í útgjöldum
- Þessi sjónarmið verða höfð að leiðarljósi við fjárlagagerð fyrir árið 2004 og stefnumótun næstu ár á eftir